BYGGÐASTOFNUN

# Starfsmannastefna Byggðastofnunar

## 1. gr.

Byggðastofnun fylgir reglum um ríkisstofnanir og opinbera starfsmenn.

## 2. gr.

Byggðastofnun setur sér eftirgreind markmið:

- að veita og vera þekkt fyrir góða og fagmannlega þjónustu;
- að njóta virðingar og trausts;
- að hafa í störfum hæfa, áhugasama og trausta starfsmenn;
- að leggja áherslu á vandvirkni, skilvirkni og hvetjandi starfsumhverfi;
- að tryggja vinnuaðstöðu, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað;
- að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir hæfa og metnaðarfulla starfsmenn;
- að gefa starfsmönnum kost á fræðslu og endurmenntun við hæfi;
- að framfylgja lögum og reglum um jafnréttismál og taka tillit til fjölskylduábyrgðar starfsmanna.

## 3. gr.

Áhersluþættir í starfsmannastefnu Byggðastofnunar eru einkum þessir:

- faglegur ráðningarferill, kynning og frumþjálfun nýs starfsmanns;
- skráð starfslýsing fyrir hvert starf;
- þátttaka í kostnaði við endurmenntun og starfsþróun, á ábyrgð starfsmanns;
- jafnréttisáætlanir;
- tillitssemi allra, bann við einelti og kynferðislegri áreitni í orði eða verki;
- eftir aðstæðum sveigjanlegur vinnutími og möguleikar á hlutastöfum, svo og orlof, eftir m.a. fjölskylduþörfum, að frumkvæði starfsmanns;
- stundvísi starfsmanna, skráning fjarveru;
- möguleiki á tölvutengingu heima vegna starfs, að frumkvæði starfsmanns;
- stuðningur við heilsurækt, meðferðarstyrkur;
- stuðningur við starfsmannafélag;
- starfsmannafundir, regluleg starfsmannaviðtöl;
- vinnuumhverfi, tækjabúnaður, vinnuaðstaða, hollustuhættir, umgengni, snyrtimennska;
- öryggisreglur, brunamál, slysavarnir á vinnustað;
- mötuneyti, kaffiaðstaða;
- starfslokaviðtal.

**Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 6. desember 2013**